



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10


150 REYKJAVÍK

Reykjavík 1. desember 2004

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, vanskil á vörslufé, 159. mál, samskráning félaga.

Samkvæmt frumvarpinu er skráningarskyldum félögum heimiluð samskráning í virðisaukaskattskrá. Samtök atvinnulífsins telja of þröngt að afmarka heimildina við skráningarskyld félög og leggja til að heimild verði einnig að samskrá skráningarskyld félög og félög sem ekki eru það. Rökin fyrir þessari útvíkkun eru m.a. þau að félög sem kjósa að skipta sér upp í einingar sem eru bæði skráningarskyldar og ekki skráningarskyldar greiða hærri virðisaukaskatt eftir þá breytingu náí frumvarpið fram að ganga. Að öðru leyti vísa SA í ítarlega greinargerð KPMG um málið, dags. 15. nóvember 2004, og styðja þau sjónarmið sem þar koma fram.

Virðingarfyllst,


Hannes G. Sigurðsson

